

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/73

frá 12. mars 2010

um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/ESB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (\*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 1314)

(2010/157/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru <sup>(1)</sup>, einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB <sup>(2)</sup> er þess krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað.
- 2) Ákvörðun 2006/502/EB var samþykkt í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2001/95/EB sem takmarkar gildistíma ákvörðunarinnar við eitt ár hið mesta en veitir leyfi til þess að lengja gildistímann með viðbótartímabilum sem hvert um sig skal ekki vera lengra en eitt ár.
- 3) Ákvörðun 2006/502/EB var breytt þrisvar, í fyrsta skiptið með ákvörðun 2007/231/EB <sup>(3)</sup> sem framlengdi gildistíma ákvörðunarinnar til 11. maí 2008, í annað skiptið með ákvörðun 2008/322/EB <sup>(4)</sup> sem framlengdi gildistíma ákvörðunarinnar til 11. maí 2009 og í þriðja skiptið með ákvörðun 2009/298/EB <sup>(5)</sup> sem framlengdi gildistíma ákvörðunarinnar um eitt ár til viðbótar, til 11. maí 2010.

- 4) Þar sem ekki hafa verið gerðar aðrar fullnægjandi ráðstafanir varðandi öryggi barna í tengslum við kveikjara er nauðsynlegt að framlengja gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB um tólf mánuði til viðbótar og breyta henni til samræmis við það.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2006/502/EB komi eftirfarandi:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 11. maí 2011.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 11. maí 2010 og birta þessar ráðstafanir. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 9. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 3.3.2011, bls. 14.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 41.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. ESB L 99, 14.4.2007, bls. 16.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 40.

<sup>(5)</sup> Stjtuð. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 23.